

## Ársskýrsla Æskulýðsnefndar veturinn 2015-2016

Að venju var fjölbreytt vetrardagskrá hjá Æskulýðsnefnd Fáks enda einvala lið sem skipar nefndina ☺

Við byrjuðum veturinn með trompi þar sem hópurinn var vel hristur saman á haustmánuðum með ýmsum hætti.

### Halloween party Æskunnar

Það var heldur betur fjör í nóvember þegar Æskulýðsnefndin og hestaklúbburinn sameinuðust í að halda Halloween party í fyrsta skipti og verður það klárlega endurtekið. Boðið var upp á pizzu í boði æskulýðsnefndar og síðan voru veitt vegleg verðlaun fyrir bestu búningana í hópi eldri (10 ára og eldri) og yngri (9 ára og yngri). Einnig var verðlaunað fyrir frammistöðu í leikjum en verðlaunin voru í boði Líflands og Skemmtigarðsins og þökkum við mikið vel fyrir það. Það var meðal annars farið í stoppdans, ásadans, limbó en síðan var leikur sem stóð upp úr og er það leikur sem krakkarnir bjuggu sjálf til og var það töltkeppni, Þvílík stemning myndaðist í kringum það en dæmdir voru 3 inná velli í einu og síðan sigurvegararnir í hverju holli sem kepptu til úrslita. Dásamlegt hugmyndaflug hjá þessum snillingum. Dansað var frá 19-22 og allir sammála um þetta verði árlegt héðan í frá enda flott að byrja veturinn með trukki og hittast svona öll og hafa gaman saman.

Sameiginlegt jólaball var haldið með öllum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu og í ár var það hjá Spretti. Það gekk glimrandi vel og verður að sjálfsgöðu endurtekið og munum við halda það í ár en gaman er að tvinnna saman viðburði með öðrum.

Gistináttapartýið var á sínum stað og gekk ljómandi vel eins og áður þar sem farið var í ansi marga skemmtilega leiki og borðað saman og ýmislegt rætt. Spurningaleikurinn "Kahoot" var mjög skemmtilegur en hann byrjaði með nokkrum tilbúnum spurningum af nefndarfólki en endaði síðan með að börnin fóru sjálf að spinna spurningar og vakti það mikila gleði. Bíó var einnig í boði á stóra tjaldinu í félagsheimilinu okkar og var það ansi skemmtileg viðbót við þetta ómissandi kvöld þar sem ungir og eldri koma saman og skemmta sér og öðrum og vinskapur myndast.

## Uppskeruhátíðin okkar

Uppskeruhátíðin okkar var á sínum stað og var aldeilis vel mætt þar sem börn og foreldrar nutu góðra veitinga og áttu góða stund saman. Við fengum góðan skemmtikraft er hann Lalli töframaður kom og heillaði alla unga sem aldna uppúr skónum.

## Pollarnir okkar/ knapar framtíðarinnar

Það er aldeilis vel haldið utan um þessa verðmætu knapa okkar og er það hún Anna Lauga sem hefur verið með yfir umsjón yfir þessum flotta hóp.

Þó hestar séu ekki á húsi þá hittist hópurinn samt einu sinni í mánuði og er þá ýmislegt brallað, t.d. höfum við bakað hestanammi, spilað á spil, horft á bíó og svo margt margt fleira. Fundir hjá þessari deild eru að minnsta kosti einu sinni í mánuði þar til hestar koma á hús en þá hefjast námskeiðin okkar góðu sem eru einnig undir stjórn Önnu Laugu. Tímar eru einu sinni í viku fram á vor og þegar vorar eru farnir reiðtúrar og grillað úti í náttúrunni. Þvílík gleði sem er í kringum þessa fundi og þessi námskeið.

Námskeiðin eru einkar vönduð og vel upp byggð en t.d. er farið í getuskiptar fimi æfingar, bæði fyrir knapa og hesta, jafnvægis æfingar og allt svo vel uppsett með leikjum og leiktækjum og þrautum. Einkar skemmtilegt er að fylgjast með pollunum okkar þroskast og dafna sem knapar undir svona dásamlegri tilsögn. Anna Lauga hefur verið með okkur um langt skeið og er með einkar vandaða aðstoðarmenn með sér, en það eru synir hennar og þeir ásamt henni hafa einkar gott lag á börnunum.

## Keppniskrakkarnir okkar

Undirbúningur fyrir Landsmót gekk vel fyrir sig og erum við endalaust stolt af okkar flottu fulltrúum sem fóru á Landsmót fyrir Fáks hönd. Keppnisgallar voru keyptir með hjálp góðra styrkjenda sem einnig stuðningsmönnum gafst kostur á að kaupa og var mikil ánægja með þá.

Til að hrista hópinn saman var farið í ferðir og “lasertag” þar sem allur aldur skemmti sér vel saman.

Boðið var uppá keppnistíma hjá meistara Sigurbirni Bárðarsyni sem krakkarnir nýttu sér vel og kom það sér vel þegar á Landsmótið var

komið. Á Landsmótinu sjálfu hélt hópurinn okkar vel saman og gekk allt vel og voru okkur öllum til sóma.

### Líflandsmótið

Líflandsmótið er eitt af stóru viðburðunum okkar Æskulýðnefndar Líflands. Líflandsmótið gekk stórkostlega þetta árið og góð þáttaka og höfðu allir gott og gaman að. Stórkostleg verðlaun voru í boði og er þetta einn af hápunktunum okkar yfir veturinn.

### Páskabingó

Páskabingóið okkar er alltaf að verða stærra og stærra enda frábær skemmtun fyrir unga sem aldna. Met ár var í ár enn og aftur og er þetta mjög svo skemmtilegur árviss viðburður hjá okkur.

### Æskan og hesturinn

Sýningin í ár var glæsileg að vanda og alltaf alveg hreint magnað hvað þetta lukkast allt vel og krakkarnir svo flottir og atriðin svo fagmannlega unnin og krakkarnir standa sig ávallt eins og hetjur. Í ár fengum við aldeilis skemmtilega heimsókn en það var hestamannafélagið Skagfirðingur úr Skagafirði sem mætti hingað til að koma á sýninguna og buðum við þeim að sjálfsögðu gistingu sem og í keilu og pizzu. Ánægjulegt að koma saman svona tvö félög og munum við án efa heimsækja þau áður en langt um líður. Áttum saman góða stund þar sem Karen okkar sem sér um Fáka og fjör mætti og ræddi við krakkana um alhliða þjálfun á hestum og útreiðar og fleira. Mættu þau síðan úr Skagfirðingi á sýninguna okkar áður en þau héldu heim aftur eftir skemmtilega borgarferð sem við fengum að taka þátt í.

### Fákar og Fjör!

Í Fáki er starfræktur hestaíþróttaklúbbur sem gengur undir nafninu Fákar og Fjör. Nú í haust hefur hann göngu sína að nýju í þriðja sinn og fer áhuginn alltaf vaxandi!

Stofnendur og umsjónarmenn klúbbsins eru Sif Jónsdóttir og Karen Woodrow, en þær eru báðar menntaðir reiðkennarar frá Háskólanum á Hólum. Aðalmarkmið klúbbsins er að gera börnum og unglingum í Fáki kleift að stunda hestamennsku á ársgrundvelli undir handleiðslu

Þjálfara líkt og aðrar íþróttir bjóða uppá. Þannig má auka færni, þekkingu og félagsleg tengsl barna og unglunga innan hestamannafélagsins Fáks. Hestamennskan sem íþróttagrein er frekar einstaklingsmiðuð en með því að auka samhug og samvinnu getur hestaíþróttin sem hópgrein verið mikilvægur þáttur í forvörnum og uppeldisþætti barna og unglunga.

Síðan hestaíþróttaklúbburinn byrjaði fyrir þremur árum hefur þátttaka barna/unglinga sem hafa aðgang að eigin hesti aukist jafnt og þétt. Einnig má geta að á hverju tímabili er alltaf ákveðinn fjöldi nýliða sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku sem bætast í hópinn. Hestaíþróttaklúbburinn hefur reynt eftir bestu getu að útvega hesta eða leigja þeim nýliðum sem ekki hafa aðgang að hesti. Það getur verið ágætis prófraun á hvort áhuginn sé í raun og veru til staðar áður en fjárfest er í eigin hesti, en það er sjaldnast vafamál ;) Börn og unglingar eru fljót að tileinka sér nýja færni og þekkingu í hestamennsku. Það er líka gaman að sjá hvað eldri nemendur eru góðar fyrirmyndir og duglegir að hjálpa þeim sem kunna minna.

Síðastliðinn vetur var fjölbreyttur en kennslan er stigskipt svo allir fái kennslu við sitt hæfi. Á öllum stigum var lögð mikil áhersla á gagnkvæmt traust hests og knapa. Í bland við þjálfun í grunnreiðmennsku voru leystar skemmtilegar og krefjandi þrautabrautir. Ekki má gleyma skemmtilegum útreiðatúrum þar sem lögð var áhersla á fjölbreytni í þjálfun og að viðhalda gleði hestsins og að sjálfsgöðu knapa.

Í haust hafa krakkarnir verið með hesta í félagshesthúsi Fáks í 6 vikur og hafa krakkarnir mætt samviskusamlega upp í hesthús á hverjum degi og borið ábyrgð á því að sinna grunnþörfum hesta sinna sem fylgir því að eiga/sjá um hesta. Þau sjá því sjálf um að segja út, vigta hey, raka til í stíum, bera undir, beita hestunum og ekki síst að rækta vinskap við hestinn sinn. Á þann hátt öðlast krakkarnir sjálfstæði í vinnubrögðum, ábyrgðarkennd og ekki síst skemmtilega upplifun þar sem þau fá tækifæri til að njóta hestamenskunnar með vinum sínum í sama hesthúsi. Það sem við höfum uppskorið í kjölfar þessa skemmtilega starfs með Fákskrökkunum er reglubundin ástundun sem skilar sér í auknum áhuga á hestamennsku, aukinni þekkingu og ekki síst framförum í reiðmennsku. Framtíðin er björt í Fáki og hlakkar okkur til áframhaldandi samstarfs og að fylgja eftir þeim fjölmörgu

hugmyndum sem við höfum til að byggja upp æskulýðsstarf barna og unglunga í Fáki.